

Skipulagsstofnun
Sigmar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. júní 2008
Tilvísun: UST20080500077/sf

Stækkun Helguvíkurhafnar. Frekari umsögn.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun frá 16. júní sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum Umhverfisstofnunar vegna svara framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Sjávarstraumar

Í fyrri umsögn sinni gagnrýndi Umhverfisstofnun að ekki væru lögð fram nein gögn sem styddu þá fullyrðingu að framkvæmdin hefði engin áhrif á sjávarstrauma. Með svörum framkvæmdaraðila fylgdi minnisblað frá Siglingastofnun þar sem m.a. kemur fram að einfaldir straumútreikningar sýni að þar sem ekki er verið að þrengja op Helguvíkurhafnar þá muni sjávarfallastraumar innan hafnar ekki breytast. Einnig kemur þar fram að fyrirhugaður garður taki upp ölduorku þannig að hún fari ekki inn í höfnina og ljóst að hafstraumar taki sveig við garðinn en önnur áhrif hafi hann ekki. Líkantilraunir voru gerðar af Siglingastofnun árin 2007 og 2008.

Umhverfisstofnun telur framangreindar upplýsingar nægjanlegar hvað varðar áhrif á sjávarstrauma.

Lífriki

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar kom fram það álit að æskilegt væri að einhverjar rannsóknir færu fram á lífríki á framkvæmdasvæðinu í ljósi þess að á stærstum hluta þess væri um lítt eða nær óraskaðan botn að ræða, sbr. umfjöllun í tilkynningu framkvæmdaraðila. Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þó botn innan Helguvíkurhafnar hafi orðið fyrir litlum beinum áhrifum verði lífríki þar stöðugt fyrir áreiti við brottför og komu stærri skipa. Skipin róti upp öllu lauslegu efni á klettabotni hafnarinnar, sérstaklega á stórstraumsfjöru. Þá verði höfnin mólituð en jafni sig á tveimur sjávarföllum. Þá vekur framkvæmdaraðili athygli á að í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar komi fram að meginhluti framkvæmdanna fari fram innan hafnar þar sem hafnarsvæði hafi ítrekað verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Auk þess bendi stofnunin á að í þeim könnunum sem liggja fyrir á grýttum fjörum í nágrenni Helguvíkurhafnar hafi komið fram að lífríki sé fremur fátæklegt. Hvergi hafi fundist sjaldgæfar eða einstakar tegundir. Umhverfisstofnun telur miðað við þær upplýsingar sem fram koma í svörum framkvæmdaraðila ekki líkur á að

framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki.

Varp í hafið

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt rannsóknum Siglingastofnunar sé lítið um sjávarset á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Allt efni verði notað í stækkun brimvarnargarðsins. Í minnisblaði Skipulagsstofnunar sem vísað er til í svörum framkvæmdaraðila segir m.a.: „Í þessu tilfelli er ekki verið að varpa efni í hafið heldur er verið að taka efni til að byggja garð. Það er misskilningur að losun efna í garða eða landfyllingar falli undir lög nr. 33/2004.“


Umhverfisstofnun er ljóst hvernig túlka ber ákvæði framangreindra laga. Opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands, þar sem efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki um lengri eða skemmri tíma, telst vera varp í hafið í skilningi laganna, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og umfjöllun í fyrri umsögn stofnunarinnar. Ef nýta á dýpkunarefni og sjávarset í brimvarnargarð og efnið er ekki strax losað í lokað hólf er því ljóst að slíkt er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Niðurstaða

Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í tilkynningu um framkvæmdina og framangreindra svara framkvæmdaraðila telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun ítrekar að varp dýpkunarefnis í hafið er óheimilt nema með leyfi stofnunarinnar, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri